


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:02.04.2017	<b>MEF102 fjarnám</b> <b>Námsáætlun – Vorönn 2017</b>	
Höfundur: HVH		
Samþykkt:		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Helgi Valur Harðarson	<b>Sk.st.</b>	HVH
----------------	-----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Kynnt er ágríp jarðsögu Íslands og umheimsins og gerð grein fyrir helstu jarðvegsnánum. Gerð skal grein fyrir steinsteypu og öðrum sementsbundnum byggingarefnum, kostum þeirra og göllum og kynnt meðhöndlun á sementsbundnum byggingarefnum á öllum byggingarstigum. Fjallað er um framleiðslu og meðhöndlun stáls og annarra málma og kynnt notkun þeirra og umhverfisáhrif. Einnig er kynnt flokkun plast- og gúmmiefna, notkun þeirra og gerð grein fyrir lífrænni uppbyggingu plast- og styrkingarefna. Kynnt er uppbygging málningar-, lakk- og límefna. Meðhöndlun efnanna er rakin og hlutverk þeirra sem slit- og tæringarvörn þannig að nemi geti að námi loknu valið og metið notkunarvið þeirra. Gerð er grein fyrir ýmsum þéttiefnum, uppbyggingu þeirra, flokkun og notkunarviði. Gerð er grein fyrir gólfefnum, bæði úr náttúrulegum og tilbúnum efnasamböndum. Kynnt eru áhrif veðurfars á endingu ýmissa byggingarefna og rætt um áhrif og afleiðingu loftmengunar. Kynnt er eðli og áhrif tilbúinna efna á umhverfið og gerð grein fyrir hvar og hvers vegna notast skal við efnasambönd beint úr náttúrunni. Fjallað er um önnur byggingarefni og nýjungar.


### Markmið:

#### Nemendur

- kynnist nánar ýmsum byggingarefnum, notkun þeirra og eiginleikum
- þjálfist í að meta gæði og velja á milli ýmissa efna eftir aðstæðum
- verði færir um að taka sýni og gera einfaldar prófanir og stuðla þannig að vali góðra fylliefna
- kunni rétta meðhöndlun helstu málma og viti um takmarkanir þeirra
- verði færir um að greina á milli kosta og galla hinna ýmsu plastbundnu efnasambanda
- verði færir um að velja þéttiefni við hæfi

### Námsgögn:

Nemendur notast við efniskafla og dreifildi á Moodle og nota netið til þess að afla sér aukinnar þekkingar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 02.04.2017		
Höfundur: HVH		
Samþykkt:		
Síða 2 af 2	<b>MEF102 fjarnám</b>	<b>Námsáætlun – Vorönn 2017</b>

### Áætlun um yfirferð:

- Vika 6 – Steinsteypa – Verkefni 1
- Vika 7 – Sement – Verkefni 2
- Vika 8 – Fylliefni – Verkefni 3
- Vika 9 – Vinnanleiki – Verkefni 4
- Vika 11 – Málmar – Verkefni 5
- Vika 13 – Fúguefni – Verkefni 6
- Vika 15 – Staðlar – Verkefni 7
- Vika 16 – Plast – Verkefni 8

### Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus símatsáfangi. Verkefni hafa jafnt vægi og mynda samtals 100 stig.

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Verkefni 1-8	Átta verkefni. (12,5% hvert)		100%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<b>Annað:</b>			

Dagsetning: 03.04.2017  
 Undirritun kennara: Helgi Valur Jónsson

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils: HALLDÓR TORR